



Sólvallagötu 6a 230 Keflavík
Sími: 420 1450 Fax: 420 1459
Netfang: mylla@myllubakkaskoli.is

Myllan

FRÉTTABRÉF

4. tbl. 24. árgangur desember 2008

Í þessari Myllu

<i>Þemadagar</i>
<i>Opinn dagur</i>
<i>Samverustund á sal</i>
<i>Leikskólaheimsókn</i>
<i>Leirnámskeið</i>
<i>Lego keppnin</i>
<i>Heimsókn í Mjólkursamsöluna</i>
<i>6. bekkur - kynning</i>
<i>10. JS í heimsókn hjá KSÍ</i>
<i>Reykjavíkurfærð hjá Ég er...</i>
<i>5. ES las fyrir leikskólabörnin</i>
<i>Tónlist fyrir alla</i>
<i>Skólinn rýmdur</i>
<i>Ábyrg netnotkun</i>
<i>7. bekkur í skólabúðum</i>
<i>Frá foreldrafélaginu</i>
<i>Jólin ilma</i>
<i>Desember mánuður</i>

Þemadagar

Þemadagar voru 26. og 27. nóvember. Þemað í ár var GLEÐI. Nemendum var skipt í hópa og fór hver nemandi á 6 stöðvar. Upp óx gleðitré, brandarabanki og kátinumyndir. Gleðigrímur spruttu fram, broskökur birtust úr ofninum, fyndnar stuttmyndir voru framleiddar og mörg andlit tóku ótrúlegum breytingum með litríkum blæbrigðum.



Opinn dagur

Skólinn var með opinn dag föstudaginn 28. nóvember. Þá gafst færi á að skoða afrakstur þemadaganna. Margir komu í heimsókn og voru ánægðir með vinnu nemenda. Við viljum þakka þeim sem heimsóttu skólann kærlega fyrir góðan dag.



Samverustund á sal

Fimmtudaginn 20. nóvember áttu nemendur notalega stund saman á sal. Tilefnið var að halda upp á Dag íslenskrar tungu sem var 16. nóvember síðastliðinn. Nemendur sýndu hvor öðrum glæsileg íslensk atriði.



Tjarnarsel og Vesturberg í heimsókn



Í tilefni Dags íslenskrar tungu komu elstu börnin á Tjarnarseli og Vesturbergi í heimsókn föstudaginn 21. nóvember. Leikskólanemendur og nemendur 1. bekkja sungu saman og fyrir hvort annað.

Leirnámskeið

Frábæru námskeiði í leirgerð er lokið. Námskeiðið stóð yfir í fjórar vikur, einu sinni í viku í tvo klukkutíma í senn. Það var mjög gaman að sjá hversu margir komu. Leirað var tvö kvöld og gengið frá og málað í tvö skipti. Þetta er í þriðja sinn sem leirnámskeið eins og þetta er haldið og er það ætlað nemendum í 6. - 7. bekk og foreldrum þeirra. Við hlökkum til að hitta ykkur á næsta námskeiði.

Kveðja Guðbjörg Rúna og Svana



Legó keppnin

Laugardaginn 9. nóvember síðastliðin fóru nokkrir nemendur í 7. – 10. bekk í Legó keppnina sem haldin var í Öskju í Reykjavík. Undirbúningur fyrir keppnina hafði þá staðið yfir í nokkrar vikur. Legó keppnin samanstendur af nokkrum verkefnum sem nemendur leysa, þrautalausn vélmennis, rannsóknarverkefni, dagbók, skemmtiatriði og kynning á hönnun vélmennis. Dagurinn hófst á því að nemendur mættu kl. 07:00 í skólann þar sem lagt var af stað til Reykjavíkur. Keppnin hófst svo kl. 8:30 og lauk dagskrá með verðlaunaafhendingu um kl. 16:00. Þetta var því langur og strangur dagur þar sem nemendur stóðu sig mjög vel. Lið Myllubakkaskóla var tvisvar tilnefnt til verðlauna, fyrir kynningu á hönnun vélmennis og fyrir skemmtiatriði.

Heimsókn í Mjólkursamsölnu



Nemendur í 3. bekk heimsóttu Mjólkursamsölnu miðvikudaginn 5. nóvember. Þar kynntu þeir sér allt í sambandi við mjólkur- og ís framleiðslu. Bjarni töframaður sýndi þeim skemmtileg töfrabrogð og í lokin var þeim boðið upp á ís og aðrar veitingar. Nemendur voru til fyrirmyndar í alla staði og skólanum til sóma.

6. bekkur - náttúrufræðikynning

Fimmtudaginn 6. nóvember kynntu nemendur 6. bekkja verkefni sín sem unnin voru úr námsefninu Lífríkið í fersku vatni. Nemendur höfðu unnið heilmikla heimildavinnu af netinu og í bókum sem fengnar voru á bókasafni skólans. Nemendur 6. HF áttu að velja sér vaðfugla en í 6. MF áttu þau að velja sér ferskvatnsfiska og finna heimildir um þá. Síðan var farið í tölvustofuna til að setja heimildirnar upp í glærusýningu eins og flestir völdu að gera. Aðrir hópar völdu að fara hefðbundnari leiðir og bjuggu þess vegna til veggspjöld. Afraksturinn var svo kynntur að viðstöddum öllum nemendum þessara bekkja ásamt gestum og vakti frammistaða þeirra mikla lukku og aðdáun. Slík verkefni eru vel til fallin til að auka áhuga nemenda á viðfangsefninu og samþætta ólíkar námsgreinar.



10. JS í heimsókn hjá KSÍ

Þann 15. október s.l. fór 10. bekkur JS í vettvangsferð til Reykjavíkur. Þessi bekkur er íþróttatengdur og fengu nemendur að velja hvort þeir vildu vera í þessum bekk eða ekki fyrir þetta skólaár. Það að vera íþróttatengdur þýðir að bekkurinn fær 4 íþróttatíma í viku og einn tíma sem kallast íþróttufræði og er bóklegur. Vettvangsferðin var hluti af þessari tengingu við íþróttirnar. Byrjað var að fara í Laugardalinn í höfuðstöðvar Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ). Þar var tekið á móti bekknum og farið um skrifstofur, búningsklefa, fundarsali, blaðamannaádstöðu, niður á sjálfan Laugardalsvöllinn og skoðað VIP- stofa. Næst var haldið niður á Reykjavíkurtjörn og unnið góðverk dagsins með að gefa öndunum brauð. Eftir þetta tók við íshökkýæfing í Egilshöll þar sem þjálfarinn Zergei Sac frá Skautafélaginu Birninum kenndi bekknum nokkur grunnatriði í íþróttinni. Kringlan var næsti áfangastaður þar sem bekkurinn fékk frjálsan tíma til að matast og sumir versluðu föt og handbolta. Síðasta stopp ferðarinnar var landsleikur milli Íslands og Makedóníu á Laugardalsvöllinum en KSÍ hafði boðið hópnum á leikinn og þökkum við þeim vel fyrir það. Ísland vann leikinn 1 - 0 og var því haldið heim á leið í sigurvímu því það er nú ekki oft sem Ísland vinnur landsleik í fótbolta. ☺

Reykjavíkurför hjá Ég er..



Mánudaginn 10. nóvember var lagt af stað í ferð til Reykjavíkur með valáfangana, Ég er.. og Öðruvísi íþróttir. Samtals voru þetta 56 nemendur og þrír kennarar. Ferðinni var heitið í Alþjóðahúsi og í Keiluhöllina. Eftir að hafa hlustað á skemmtilegan fyrirlestur í Alþjóðahúsi og spilað keilu í Keiluhöllinni var haldið í Kringluna, þar áttu nemendur frjálsan tíma í eina og hálf klukkustund. Vel heppnaðri ferð lauk svo um kl. 18:00 fyrir utan Myllubakkaskóla.

Kiddi, Gummi og Skúli þakka nemendum fyrir góða ferð.

5. ES las fyrir Vesturberg

Þann 12. nóvember fór 5. ES í heimsókn á leikskólann Vesturberg. Hver nemandi leiddi tvö leikskólabörn afsíðis og las fyrir þau eina eða fleiri barnabækur. Stemningin var reglulega hátíðleg, leikskólabörnin hlustuðu með aðdáun á stóru skólabörnin lesa og svo sýndu litlu börnin þeim stóru nýja húsið. Heimsókninni lauk í Kiddasal, þar sem allir söfnuðust saman og sungu tvö lög. Mjög velheppnuð og skemmtileg tilbreyting í skammdeginu.



Tónlist fyrir alla

Þriðjudaginn 21. október fóru nemendur okkar í Kirkjulund og nutu góðrar tónlistar. Dagskráin “Ég hef taktinn” var flutt af Jazzkvartett Reykjavíkur og skemmtu nemendur sér mjög vel.

Skólinn rýmdur

Brunavarnir Suðurnesja stóðu fyrir rýmingaræfingu 20. október. Æfingin gekk vel fyrir sig og voru allir nemendur skólans mættir á sitt svæði fyrir framan skólann á stuttum tíma.



Ábyrg netnotkun

Þriðjudaginn 11. nóvember komu þeir Hafþór B. Birgisson og Kristján Freyr Geirsson í heimsókn í skólann. Þeir ræddu við nemendur 6. bekkjar og foreldra þeirra um tölvu- og netnotkun og þær hættur sem þar geta leynst. Heppnaðist fyrirlesturinn mjög vel og eftir áramót munu þeir félagar heimsækja nemendur og foreldra 8. og 10. bekkjar og flytja þeim boðskap sinn. Ljóst er að hætturnar í netheimum eru fjölmargar og viljum við því brýna fyrir foreldrum að fylgjast vel með netnotkun barna sinna. Námsráðgjafi skólans veitir gjarnan nánari upplýsingar og ráðgjöf til foreldra.

7. bekkur í skólabúðum

Dagana 6. - 10. október síðastliðinn fóru nemendur í 7. bekk ásamt kennurum sínum í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Markmið skólabúðanna er að skemmta nemendum með fjölbreyttum verkefnum, fræða þá, efla sjálfstraust og félagsanda. Nemendur fóru í íþróttir og sund, á byggðarsafn, í ratleik, fjármálafræðslu, fjöruferð, á kvöldvökur, í ýmsar keppnir auk þess sem inn á milli gafst tími til að slaka á, rabba saman eða spila. Nemendur voru í skýjunum með ferðina sem var mjög vel lukkuð og voru þeir sammála því að allt hafi verið skemmtilegast og maturinn æði. Þeir vilja þakka skólastjórnendum kærlega fyrir að lofa þeim að fara í þessa frábæru ferð. Þetta eru góðar minningar í minningabankann :)



Frá foreldrafélaginu

Foreldrafélag Myllubakkaskóla hefur fundað mánaðarlega það sem af er vetri. Einnig hefur verið fundað með skólastjóra. Fundur með bekkjarfulltrúum var haldinn í október. Það er gaman að heyra að foreldrar eru meðvitaðir um nauðsyn þess að hafa gott öryggisnet í kringum börnin okkar og að við tölum saman. Við þökkum þeim sem komu. Annar fundur verður haldinn á næstu önn. Greiðsluseðlar voru sendir út í nóvember og skal árétt að upphæðin er 750 kr á heimili, ef einhver hefur borgað meira fær hann endurgreitt.

FFGÍR er skammstöfun fyrir foreldrafélög og foreldraráð í Reykjanesbæ. Nýr verkefnastóri tók við nú í haust en það er Kristlaug María Sigurðardóttir. Starfsdagur FFGÍR var 25. nóvember.

Ný grunnskólalög tóku gildi s.l. sumar. Samkvæmt þeim hefur foreldraráð verið lagt niður. Skólaráð hefur tekið við en í því sitja 9 aðilar og sér skólastjóri um að kalla ráðið saman.

Jólafondrið var haldið 25. nóvember og þökkum við öllum sem mættu fyrir komuna.

Foreldrahandbók félagsins er komin á heimasíðu skólans og hvetjum við foreldra að kynna sér hana.

Stjórn foreldrafélagsins



Jólin ílma

Nemendur 10. bekkja eru að selja merkispjöld og jólalukku. Merkispjöldin eru með leirtrjám og snjókörllum eða ilmandi sætabrauðsdrengjum og seljast stök á 150 krónur stykkið. Í jólalukkunni eru fimm veglegar matarkörfur í verðlaun, hlaðnar ýmsu gómsætu jólagóðgæti o.fl. Fimmtánda desember verður dregið í lukkunni og hringt í þá heppnu en nöfn vinningshafa birtast síðan á heimasíðu skólans.

Salan er liður í að afla tekna til að fara í yndislega vorferð að loknum samræmdum prófum.

Við óskum öllum gleðilegra jóla og þökkum þann stuðning sem nemendur hafa fengið í gegnum tíðina.



Hafnargatan í jólabúning

Reykjanesbær mun þriðjudaginn 2. desember úthluta einu jólatré á hvern skóla til að skreyta. Jólatrén verða staðsett á Hafnargötunni en þetta er liður í verkefninu að færa Hafnargötuna í jólabúning. Fyrir hönd Myllubakkaskóla fer 6. bekkur ásamt kennurum. Þau hafa útbúið mjög sniðugt skraut í myndmennt úr plastpokum, vír og perlum. Einnig máluðu þau leirhjörtu. Eftir að trén hafa verið skreytt fer allur hópurinn í Skessuhelli til að færa Skessunni jólaskraut svo hún geti skreytt hjá sér um jólin eins og aðrir bæjarbúar.



Engin útlán verða á bókasafninu eftir föstudaginn 12. desember. Allir nemendur eru beðnir um að skila bókum sem þau eru með heima fyrir jólafrí.

Virkisverðirnir

Suðurnesjamaðurinn Sigurjón Vikarsson kemur í heimsókn þriðjudaginn 2. desember. Hann ætlar að lesa fyrir nemendur í 1. - 5. bekk kafla úr nýju bókinni sinni Virkisverðirnir.

Heimsókn í kirkjuna

Mánudaginn 8. desember fara nemendur ásamt kennurum í Keflavíkurkirkju. Þar ætlar sr. Sigfús ásamt starfsfólki að taka á móti okkur og ætlum við að syngja saman, hlusta á sögu og hljóðfæraleik. Ætlunin er að eiga saman notalega stund.

Þriðji ísbjörninn

Föstudaginn 5. desember ætlar rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson að heimsækja nemendur í 4. - 7. bekk. Hann ætlar að lesa upp úr bók sinni Þriðji ísbjörninn.

Jólabingó

Fimmtudaginn 11. desember
Jólabingó hjá 1. - 3. bekk kl. 17:30 - 19:00
Jólabingó hjá 7. - 10. bekk kl. 19:30 - 21:00
Föstudaginn 12. desember
Jólabingó hjá 4. - 6. bekk kl. 16:00 - 17:30

Jólabingóin fara fram á sal skólans og kostar spjaldið 100 kr. Það væri gaman að sjá sem flesta foreldra mæta með börnunum.

Senjorítur með sand í brók

Miðvikudaginn 10. desember ætlar Bryndís Jóna Magnúsdóttir rithöfundur að lesa upp úr bók sinni Senjorítur með sand í brók fyrir 8. - 10. bekk. Þetta er fjórða og jafnframt síðast bókin í þessari bókaröð. Fyrri bækurnar hafa lagst vel í unglíngana og á þessi bók örugglega eftir að gera það líka.





Leikritið "Óskín"

Söfnin í Reykjanesbæ hafa í mörg ár boðið börnunum í bænum upp á menningardagskrá í desember. Nú ætlar Reykjanesbær að bjóða elstu börnunum á leikskólunum ásamt nemendum í 1. og 2. bekk á leikritið "Óskín". Myllubakkaskóli fer á sýninguna fimmtudaginn 11. desember kl. 10:00 í Bíósal Duushúsa.

Aðventustund á sal

Aðventustund verður þriðjudaginn 16. desember og koma þá nemendur skólans saman á sal. Nemendur eru með skemmtileg atriði og sjötti bekkur setur upp helgileik.



Jólaball hjá 8. - 10. bekk

Jólaball grunnskóla Reykjanesbæjar verður haldið í Fjörheimum þriðjudaginn 16. desember. Húsið opnar kl. 20:00 og er ballið búið kl. 23:00. Strætóferðir verða frá skólunum og í Fjörheima og heim eftir ballið.

Starfsfólk
Myllubakkaskóla óskar
nemendum og foreldrum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

Jólamatur 18. des

Í hádeginu fimmtudaginn 18. desember verður boðið upp á jólamat. Þeir sem ekki eru í áskrift geta keypt jólamat á 300 kr. en það þarf að ganga frá því í síðasta lagi þriðjudaginn 16. desember.

Litlu jól

Litlu jólín verða föstudaginn 19. desember og er það jafnframt síðasti skóladagur ársins. Nemendur mæta í skólann kl. 9:00. Hátíðin hefst í heimastofum nemenda þar sem jólaguðspjallið er lesið, lesin jólasaga, farið í leiki, skipst á pökkum ofl.

1., 3., 5., 7. og 9. bekkur fara svo í salinn kl. 10:00 og dansa í kringum jólatréið í 30 mínútur og fara svo aftur í stofur til kl. 11:00. 2., 4., 6., 8. og 10. bekkur fer í salinn kl. 11:30 og dansa kringum jólatréð. Hátíðinni lýkur kl. 11:00



**Mánudaginn 5. janúar er starfsdagur hjá kennurum.
Skóli hefst aftur samkvæmt stundaskrá
þriðjudaginn 6. janúar 2009.**